

SIGLINGAVERND

fréttabréf

2 / 2019



Efni

Verndardeild	2
Fundur siglingaverndarráðs, haldinn 19. nóvember 2019	3
Um siglingaverndarráð	3
Fulltrúar	3
Hlutverk	3
Breyttar kröfur til hafnargæslumanna.....	3
Breytt fyrirkomulag námskeiða	3
Endurskoðun námskeiða	3
Framkvæmd færir heim í hérað	3
Ávinningur nýs fyrirkomulags	4
Eftirlit verndardeildar	4
Heimild til öryggisleitar.....	4
Aldursmörk hafnargæslumanna	4
Námskeið fyrir verndarfulltrúa	4
Staða hafnarverndar.....	4
Reglubundnar úttektir	4
Skyndiúttektir	4

Verndardeild

Verndardeild Samgöngustofu sinnir eftirliti með bæði flugvernd og siglingavernd.

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir (deildarstjóri)

símar: 480-6213 & 692-1488

netfang: sigrunhk@icetra.is

Stefán Alfreðsson (fagstjóri siglingaverndar)

símar: 480-6197 & 893-4793

netfang: stefana@icetra.is

Júlíus Ó. Einarsson (eftirlitsmaður)

sími: 480-6198 & 899-3003

netfang: juliusoe@icetra.is

Æskilegt er að nota netfang siglingaverndar til samskipta nema sendandi eigi beint erindi við tiltekinn starfsmann:

siglingavernd@samgongustofa.is

Fundur siglingaverndarráðs, haldinn 19. nóvember 2019

Þriðji fundur siglingaverndarráðs var haldinn í húsakynnum Samgöngustofu í Ármúla 2, þriðjudaginn 19. nóvember síðastliðinn. Efni fundarins var:

- Breytingar á skipan siglingaverndarráðs
- Yfirlit um stöðu siglingaverndar á Íslandi
- Breyting á lögum um siglingavernd (nýtt ákvæði um dagsektir)
- Endurskoðun siglingaverndaráætlunar Íslands
- Breyttar kröfur til hafnargæslumanna
- Netöryggismál og verndarvitund
- Heimsókn fulltrúa verndardeildar Samgöngustofu til bandarísku strandgæslunnar

Um siglingaverndarráð

Fulltrúar

Samgöngustofa leiðir starf siglingaverndarráðs í samræmi við siglingaverndaráætlun Íslands og forstjóri stofnunarinnar skipar í ráðið, þar með talinn formann og varaformann án tilnefningar. Samkvæmt reglum um starfsemi þess, er siglingaverndarráð skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn. Einn samkvæmt tilnefningu hvers eftirtalinna aðila: ríkislögreglustjóra, tollstjóra, Landhelgisgæslu Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu og Hafnasambands Íslands.

Hlutverk

Siglingaverndarráð er stjórnvöldum til ráðuneytis um siglingavernd, Siglingaverndaráætlun Íslands og öryggismál sem falla undir gildissvið siglingaverndar.

Meðal verkefna siglingaverndarráðs eru:

- Gerð tillagna til breytinga á áætluninni vegna þróunar í siglingavernd, breytinga á vástigi, aðgerðum eða öðrum skyldum þáttum;
- Ráðgjöf um siglingavernd fyrir stjórnvöld og innbyrðis samstarf og samskipti um siglingavernd;
- Tryggja samstarf í siglingavernd á milli sviða, deilda, stofnana og annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir siglingaverndaráætlun Íslands;
- Fylgjast með framgangi og framkvæmd siglingaverndar;
- Fylgjast með og tryggja að brugðist sé við og bætt úr ágöllum á siglingavernd sem kunna að koma í ljós við váatvik.

Breyttar kröfur til hafnargæslumanna

Breytt fyrirkomulag námskeiða

Endurskoðun námskeiða

Í 25. gr. reglugerðar nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar er kveðið á um að hafnargæslumenn skuli hafa lokið viðeigandi námskeiði sem uppfylli kröfur að mati [Samgöngustofu]. Einnig að þeir hafi skírteini ávallt á sér við störf sín. Hingað til hefur verndardeild Samgöngustofu haldið heils dags námskeið fyrir hafnargæslumenn, eitt til þrjú árlega, bæði í Reykjavík og úti á landi eftir því sem kostur hefur verið. Námskeiðið hefur verið ítarlegt og skilað góðri raun en óhætt þykir að draga úr námsþáttum og einfalda fyrirkomulagið, meðal annars eftir samráð við nokkurn fjölda verndarfulltrúa hafna. Almennt eru hafnargæslumönnum ekki falin önnur störf en þau að sinna aðgangsstýringu inn á haftasvæði á hafnaraðstöðum.

Framkvæmd færast heim í hérað

Samgöngustofa kynnti á áðurnefndum fundi siglingaverndarráðs, þá fyrirhuguðu breytingu að framvegis muni verndarfulltrúar sjálfir, hver fyrir sig, annast fræðslu hafnargæslumanna með námsefni sem Samgöngustofa leggur til. Í byrjun verður væntanlega um að ræða bæklinga, bæði á íslensku og ensku, sem tilvonandi hafnargæslumenn lesa, taka próf úr og staðfesta ásamt verndarfulltrúa að þeir hafi tileinkað sér efni þeirra (síðar er svo ætlunin að færa námsefnið inn á vefsíðu Samgöngustofu). Að því loknu er verndarfulltrúa heimilt að gefa út skírteini eða staðfestingu þess að viðkomandi sé starfandi hafnargæslumaður undir hans leiðsögn.

Samgöngustofa gefur út sniðmát fyrir skírteini, sem hægt er að nota í þessu skyni.

Það skilyrði er um leið sett að engum sé falið starf hafnargæslumanns nema hafa áður hlotið staðfesta fræðslu og nauðsynlega þjálfun.

Um leið eru ekki lengur gefnar út undanþágur vegna hafnargæslumanna eins og tíðkast hefur.

Nýtt fyrirkomulag vegna þjálfunar og viðurkenningar hafnargæslumanna verður kynnt ítarlegar fljótlega á nýju ári.

Ávinningur nýs fyrirkomulags

Með þessari breytingu næst ýmis ávinningur, svo sem:

- Verndardeild Samgöngustofu nýtir tíma sem annars fer í námskeið og afleidd verkefni til annarra aðkallandi verkefna
- Hafnirnar hafa alltaf á að skipa fullgildum hafnargæslumönnum (engar undanþágur frammar)
- Hafnirnar spara fjármuni (dagpeningar þátttakenda, gisting, námskeiðs- og skírteinagjöld)

Eftirlit verndardeildar

Það verður framvegis hluti af úttektum eftirlitsmanna Samgöngustofu að ganga úr skugga um að engir aðrir en þeir sem hafa lokið þessari þjálfun, starfi við hafnargæslu.

Heimild til öryggisleitar

Nauðsynlegt er að hafa hugfast að með þessari breytingu á þjálfun hafnargæslumanna, fellur niður heimild þeirra til þess að framkvæma öryggisleit á fólki og í ökutækjum. Lögreglumönnum og tollgæslumönnum er, auk verndarfulltrúa, heimilt að gera öryggisleit. Fáir hafnargæslumenn þá þjálfun til viðbótar grunnþjálfun, þarf að skrá hana sérstaklega.

Aldursmörk hafnargæslumanna

Engin krafa hefur til þessa verið um lágmarksaldur þeirra sem starfa sem hafnargæslumenn. Eftir ítarlega skoðun hefur verið ákveðið að setja lágmarksaldur hafnargæslumanna við 18 ár. Sú regla gildir nú eftir endurskoðun siglingaverndaráætlun Íslands. Horft var til krefjandi aðstæðna og krafna til hafnargæslumanna og höfð hliðsjón af kröfum til starfsstétta sem má telja ekki óskyldar, svo sem starfsmanna fyrirtækja í öryggisþjónustu (18 ár) og dyravarða (20 ár). Samgöngustofa mun gera tillögu um breytingu á reglugerð nr. 265/2008 um að bæta við þessu aldurstakmarki.

Námskeið fyrir verndarfulltrúa

Með vorinu verða haldin námskeið á vegum Samgöngustofu fyrir verndarfulltrúa hafnaraðstaða, eins og áður hefur verið kynnt. **Fyrirkomulag og dagsetning verður kynnt fljótlega eftir áramót.**

Staða hafnarverndar

Reglubundnar úttektir

Undanfarið hefur verndardeild sinnt reglubundnum úttektum á framkvæmd siglingaverndar, eins og áskilið er í reglum. Óhætt er að segja að staða mála hjá aðilum hafi almennt verið í ágætu horfi þó auðvitað komi upp einhver vanhöld öðru hvoru.

Skyndiúttektir

Þá hefur deildin byrjað skyndiúttektir hjá höfnunum. Þær skulu gerðar samkvæmt reglum sem stofnuninni eru settar og eru ekki tilkynntar fyrirfram. Skyndiúttektir geta falið í sér

- Yfirferð gagna
- Mat á siglingaverndarráðstöfunum
- Prófanir

Með prófunum er látið reyna á þær varnir sem reglur og verndaráætlanir aðila boða.

Netöryggi (e. Cybersecurity)

Samgöngustofa hefur fylgst með þróun mála tengdum netöryggi, bæði hvað varðar hafnir og skip. Unnið er að greiningu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á grundvelli laga nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa í samræmi við evrópska og alþjóðlega leiðsögn. Sú vinna lýtur að því að vernda net- og upplýsingakerfi fyrirtækja fyrir ógnum sem geta lamað kerfin hvort sem um óvilja- eða viljaverk er að ræða.

Nánari upplýsingar um netöryggi tengt siglingavernd verða sendar út á nýju ári.